


Umhverfisstofnun
Áb. SF
<b>21 JAN. 2004</b>
<b>54.52</b>
Tilv. UST20031200162

Skipulagsstofnun  
Auður Ýr Sveinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



Umhverfisstofnun  
Environment and Food Agency of Iceland

Sauðarlandsgata 24  
IS - 108 Reykjavík, Iceland  
P. (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
umhverfisstofnun@ust.is  
www.umhverfisstofnun.is

19. janúar 2004  
Tilvísun: UST20031200162/sf

## Ásbyrgisvegur 861. Ný leið skv. deiliskipulagstillögu. Matsskylda.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 19. desember sl., þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000.

### Framkvæmdalýsing

Um er að ræða nýja aðkomu að Ásbyrgi frá Norðausturvegi inn að tjaldsvæði þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum, en þar kemur vegurinn inn á núverandi veg. Nýtt vegstæði ásamt tengingum að verslun, íbúðarhúsi, skógarvarðarhúsi, gistiþými, Gljúfrastofu og tjaldsvæði er samtals um 0,7 km. Vegurinn verður hannaður miðað við vegflokk C1 eða C2. Sá hluti núverandi vegar sem verður lagður af verður fjarlægður. Framkvæmdin er í samræmi við auglýsta tillögu að deiliskipulagi fyrir þjónustusvæði í norðurhluta Ásbyrgis.

### Efnistaka

Samkvæmt upplýsingum í tilkynningu um framkvæmdina verður efnistaka væntanlega úr eyrum Jökulsár á Fjöllum en við Jökulsárbrú er opin malarnáma fyrir slitlagsefni. Farið verður fram á að efnið úr þeim vegkafla sem fjarlægður verður verði notað eins og hægt er í nýja veginn. Efnispörf er áætluð 11.500 m<sup>3</sup> miðað við vegflokk C1 og 10.500 m<sup>3</sup> miðað við C2.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að fyrirhuguð efnistaka muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér en minnir á ákvæði VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

### Verndarsvæði

Fyrirhugaður vegur liggur að hluta til innan þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum. Þá kemur fram í tilkynningu um framkvæmdina að gert er ráð fyrir að allt svæðið verði hluti af þjóðgarðinum í framtíðinni.

### Gróður

Það land sem fyrirhugaður vegur mun liggja um er mótað af búsetu í Ásbyrgi. Vegurinn fer í fyrstu yfir svæði sem áður var notað sem beitarhólf og síðan áfram í jaðri túns sem nú er notað sem golfvöllur. Beitarhólfíð hefur gróið upp og eru grastegundir og stöku litlar

víðiplöntur þar mest áberandi. Við jaðar túnsins (að norðan) er grasi vaxin mólendisræma sem liggur í sveig, fyrst í vestur og síðan í suður. Í tilkynningu um framkvæmdina kemur einnig fram að skammt frá þar sem vegstæðið kemur inn á núverandi veg inn í Ásbyrgi, eru litlar breiður af rauðsmára í vegkantinum og er það eini fundarstaður hans á þessu svæði svo vitað sé. Bent er á að mikilvægt er að taka tillit til þess við framkvæmdina.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að búsvæði rauðsmára verði ekki raskað við fyrirhugaðar framkvæmdir. Afmarka ætti á vettvangi búsvæði tegundarinnar áður en framkvæmdir hefjast. Stofnunin telur að með hliðsjón af þeim gróðurlendum sem er að finna á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og því að um er að ræða land sem er mótað af búsetu sé ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa í för með sér umtalsverð áhrif á gróður.

### Fuglalíf

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að nokkrar fuglategundir verpa nálægt fyrirhugaðri veglinu. Algengastar þeirra eru hrossagaukur og þúfutittlingur en einnig er líklegt að heiðlöa og stelkur verpi á svæðinu, auk þess sem þekkt varp sandlóu er á sandinum skammt norðan vegsvæðis.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð áhrif á fuglalíf. Ekki er um að ræða sjaldgæfar tegundir eða tegundir á válista, auk þess sem varpið er ekki mikið.

### Jarðmyndanir

Fram kemur í tilkynningu um framkvæmdina að Ásbyrgi er myndað í miklum hamfarahlaupum sem hafa komið í Jölulsá á Fjöllum og liggja miklir hlaupfarvegir úr Ásbyrgi og norður á sanda norðan þess. Flatlendið í mynni Ásbyrgis er hluti af þessum hlaupfarvegum en landið er nú að mestu gróið. Engar aðrar jarðmyndanir eru sjáanlegar á svæðinu.


Umhverfisstofnun telur með hliðsjón af ofansögðu ekki líklegt að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð áhrif á jarðmyndanir.

### Niðurstaða


Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd við Ásbyrgisveg hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Umhverfisstofnun minnir á að samkvæmt 38. gr. laga nr. 44/1999 þarf leyfi stofnunarinnar til framkvæmda þar sem hætta er á að spilt verði friðlýstum náttúrumuinum, sbr. einnig auglýsingi nr. 359/1993 um þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum.

Virðingarfyllst,



Sigrún Friðriksdóttir



Helgi Jensson  
forstöðumaður framkvæmda-  
og eftirlitssviðs